



# Barkabólga hjá barni

Barkabólga (croup) er algeng sýking, sem oftast er orsökðuð af kvefveirum. Sjúkdómurinn er algengastur hjá 1-2 ára börnum, hann kemur fyrir upp að fimm ára aldri, en er sjaldgæfur hjá börnum eldri en það.

## Einkenni

Barkabólga lýsir sér á mismunandi hátt eftir aldri en einkennin stafa af bólgu og slímmyndun í barka eða nærliggjandi loftvegum. Einkenni eru oft meiri hjá yngri börnum, þar sem þau hafa tiltölulega þrengri barka heldur en stærri börn.

- Flest börn fá einkenni að nóttu til, oft um 1-2 klukkustundum eftir að þau sofa.
- Barn vaknar gjarnan með sáran hvæsandi eða geltandi hósta og getur jafnvel átt erfitt með öndun. Oftast heyrast hæsi og soghljóð við innöndun.
- Oft fylgir vanlíðan og hræðsla hjá barni vegna erfiðleika við öndun.
- Í byrjun sýkingar er barnið oft hitalaust eða með lágan hita en búast má við að hann hækki meðan á veikindum stendur.

Ofangreind einkenni standa yfirleitt yfir í 1-2 sólarhringa, en sýkingin gengur oftast yfir á 3-4 dögum og eru þá kvefeinkenni algeng. Sum börn fá eingöngu einkenni barkabólgu og lagast innan sólarhrings. Einstaka barn fær barkabólgu endurtekið.

## Meðferð

Ef barnið vaknar með andþyngsli er mikilvægt að róa það og gæta þess að hátt sé undir höfði. Ráðlagt er að taka barnið í fangið.

- Ef einkennin minnka er ráðlagt að hafa hátt undir höfði, þegar barnið er lagt út af.
- Ef einkenni minnka ekki getur verið gott að láta barnið anda að sér fersku lofti t.d. fara með það út eða opna glugga upp á gátt. Ef einkenni minnka ekki fljótlega eða eftir 30-60 mínútur á að leita til læknis. Ekki er um lífshættulegt ástand að ræða, en ef barn á erfitt með að anda er hægt að gefa því lyf til að minnka einkennin.

### Ráðlagt er að leita á bráðamóttöku barna við Hringbraut ef:

- Barn á erfitt með öndun.
- Hvæsandi öndun og soghljóð þrátt fyrir að hafa reynt ofangreind ráð.
- Ofsahræðsla hjá barni.

Ef um neyðarástand er að ræða er hringt í 112.

## Ráðleggingar

Hægt er að fá símaráðgjöf allan sólarhringinn hjá Læknavaktinni í síma 1770.